

Símenntun og skemmtun í flottum pakka

■ ■ ■ Hávar Sigurjónsson

„Læknadagar í ár verða með nokkuð hefðbundnu sniði,“ segir Gunnar Bjarni Ragnarsson formaður framkvæmdastjórnar Læknadaga og Fræðslustofnunar lækna.

„Að venju verður fyrsti dagurinn helgaður ákveðnu þema og í ár eru það heimilislækningar og hagnýtar héraðslækningar,“ segir Gunnar Bjarni. „Þar verður í fyrirlestur og málþingum lögð áhersla á hlutverk hins almenna læknis sem starfar í dreifbýli og á smærri þéttbýlisstöðum þar sem sérhæfður stuðningur er minni en á stærri stöðum. Þetta kallast síðan skemmtilega á við þema málþings á föstudagsmorgninum þar sem fjallað verður um hnattræna heilsu; svo við förum úr héraði í heiminn allan.“

Parna á milli verður síðan fjallað um ýmsar nýjungar í mörgum greinum læknisfræðinnar svo og notkun núverandi þekkingar á sem bestan og skynsamlegastan hátt,“ segir Gunnar Bjarni og segir mikilvægt að læknar kynni sér vel dagskrána og skrái sig tímanlega til þátttöku á Læknadögum til að auðvelda vinnu þeirra sem halda utan um skipulag og skráningu.

Leynigetur á setningu umdeildur fyrir skoðanir sínar

Setning Læknadaganna verður í lok dags á mánudeginum og Gunnar Bjarni verður leyndardómsfullur á svipinn þegar spurt er um hver verði sérstakur gestur eins og venja er. „Við ákváðum að halda nafni hans leyndu þar sem hann er mjög umdeildur maður og skoðanir hans á mönnum og málefnum alls ekki allra. Hann hefur vakið athygli fyrir ofurnæmi sitt og innsæi í mannlegt eðli og ætlanir því að nota tækifærið og rýna í helstu persónueinkenni læknastéttarinnar og þá sér-

staklega það sem kallað hefur verið sjálfvitinn eða besservisserinn. Eflaust mun þessi sérfræðingur vekja hörð viðbrögð en ég vil þó biðja fólk um að halda ró sinni.“

Önnur nýjung við setninguna að sögn Gunnars Bjarna er að veitingar verða að þessu sinni óáfengar enda mánudagur og óþarfi að fólk sé að lenda í vandræðum með að komast heim í kvöldmatinn. „En á föstudeginum verður að sjálfsögðu hinn hefðbundni kokdillir í boði í beinu framhaldi af Spekingaglimunni sem Kristján Guðmundsson hefur veg og vanda af.“

CME-símenntunarpunktur í boði

Hvað dagskrána varðar að öðru leyti segir Gunnar að þar sé af fjölmörgu að taka og erfitt að nefna eitthvað umfram annað. Tæplega sé þó hægt að telja upp alla dagskrána enda er hún aðgengileg á innri vef Læknafélags Íslands.

„Ég vil þó nefna að geðlæknar eru að venju með mjög metnaðarfulla dagskrá og ég vil nota tækifærið og hrósa þeim fyrir framlag þeirra til Læknadaga í ár og undanfarin ár. Þá má nefna skemmtilega nýjung sem bryddað var upp á í fyrria og verður framhaldið í ár en það kallast *Nokkur tilfelli af Barnaspítala Hringins* og er gagnvirk málþing undir stjórn Ásgeirs Haraldssonar barnalæknis. Fyrirkomulagið er þannig að áheyrendur eru með snjalltæki sín, farsíma, fartölvu eða spjaldtölvu, og greiða atkvæði um lausn tilfella en sér til aðstoðar er Ásgeir með reyndan hóp barnalækna sem taka muna virkan þátt í umræðum um lausnir þeirra vandamála sem lögð eru fyrir. Þetta er mjög skemmtileg nýjung þar sem gefst tækifæri til að taka þátt í eins konar teymisvinnu reyndra sérfræðinga. Við viljum nýta tæknina og hvetjum fólk til að nota samfélagsmiðla, til dæmis twitter (#laeknad), og Davíð Þórisson læknir

verður með kynningarkvöld sem verður nánar auglýst síðar.“

Gunnar Bjarni kveðst vilja leggja áherslu á að Læknadagar eru símenntunarþing og þeir sem skrá sig sérstaklega með símenntun í huga geta fengið allt að 30 símenntunarpunkta CME. „Nú verður tekið smávægilegt gjald fyrir CME-skráningu enda þarf Fræðslustofnun að leggja talsverða vinnu og fé í að fá símenntunarpunkta viðurkennda fyrir Læknadaga. Mæting verður skráð á alla dagskrárlíði eins og í fyrria þannig að upplýsingar um þátttöku hvers einstaklings verða til staðar.“

Í þessu samhengi má einnig nefna að á fimmtudeginum verður málþing um sérnám í læknisfræði á Íslandi og þar hafa framsögu forsvarsmenn um framhaldsnám í lyflækningum á Íslandi sem hefur verið tekið til gagnerrar endurskoðunar og er unnið í samvinnu við Royal College of Physicians í Bretlandi.“

Mikilvægt að skrá sig tímanlega

Af allt öðru tagi má nefna málþing um læknisfræði og bókmenntir en hvað dagskrána varðar í heild vísast sem áður sagði á heimasíðu Læknafélags Íslands.

Auk málþinga eru haldnar vinnubúðir um ýmis afmörkuð efni og þar er þátttakendafjöldi takmarkaður. Því er mikilvægt að fólk skrái sig tímanlega. Einnig nefnir Gunnar Bjarni hádegisverðarfundina sem þarf að skrá sig á fyrirfram. „Það hefur borið svolítið á því að fólk skrái sig á hádegisverðarfundu og mæti svo ekki og það er slæmt því þá sitja skipuleggjendur uppi með mat sem verður að henda. Þetta er kostnaðarsamt og auðvitað mesti óþarfi. Það má líka nefna að verulegur afsláttur fæst af bílastæðagjaldi í kjallara Hörpu, og þægilegast að kaupa fyrir alla daga í einu.“



„Við notum öll ráð til að halda kostnaði við Læknadagana í lágmarki,“ segir Gunnar Bjarni Ragnarsson formaður framkvæmdastjórnar Læknadaga.

Aðalstyrktaraðili Læknadaga er Vistor en margir fleiri styðja við Læknadaga enda er kostnaður við framkvæmdina töluverður. „Það er ljóst að læknar munu verða að borga meira fyrir Læknadagana í framtíðinni enda er verð sambærilegra símenntunarþinga miklu hærra erlendis. Því miður er ekki hægt að bjóða 4.-6. árs læknanemum frítt á næstu Læknadaga eins og undanfarin ár heldur verða þeir að greiða fyrir þátttöku, en það gjald er þó mjög lágt og langt undir kostnaðarverði. Við notum öll ráð til að halda kostnaði við Læknadagana í lágmarki en kostnaður mun hækka á næstu árum ef halda á úti svo veglegu þingi og halda jafnvægi í rekstri Fræðslustofnunar LÍ.“

Að endingu má nefna að árshátíð Læknafélags Reykjavíkur verður haldin á laugardagskvöldið eftir Læknadagana. „Þetta er vegleg árshátíð sem kostar sitt en er algjörlega nauðsynleg til að halda góðum anda í stéttinni. Eins og kom fram í desemberblaði *Læknablaðsins* verður einungis hægt að kaupa miða á árshátíðina á netinu og ekki hægt að kaupa miða á

síðustu stundu heldur verður lokað fyrir miðasölu miðvikudaginn 20. janúar. Svipað gildir um netskráningu á Læknadaga, henni lýkur fimmtudaginn 14. janúar, eftir það verður hægt að mæta á staðinn og skrá sig á Læknadaga en það verður dýrara. Tímanleg skráning auðveldar

skipulagningu þessara viðburða og hjálpar til við að halda kostnaði niðri. Því er auðvitað einfaldast að kaupa hvorttveggja í einu, þátttökupassa á Læknadagana og miða á árshátíðina og vera tímanlega búinn að því. Þetta er flottur pakki.“